

# ÁRSSKÝRSLA BÓKMENNTA- OG LISTFRÆÐASTOFNUNAR 2021

Fjárhagsleg staða stofnunarinnar hefur farið batnandi og getur hún nú litið björtum augum á framtíðina. Árið var þó eftir sem áður markað af faraldri vegna Covid-19 og þeim hömlum sem sóttvarnarlög settu á viðburði og samkomur. Ársskýrsla tekur því mið af þeim óvanalegu aðstæðum sem skapast hafa í kjölfar Covid-19 faraldursins og þeirri vinnu sem stjórn og félagar hafa lagt í að endurskoða og setja saman verkferla fyrir stofnunina á komandi árum.

## 1. Rekstrarreikningur ársins

Staða stofnunarinnar fer batnandi en í lok árs 2021 var staðan 2.269.200 kr. Rekstur stofnunarinnar því kominn í jafnvægi eftir nokkurra ára halla. Hluti af jákvæðri fjárhagsstöðu stofnunarinnar eru 1.000.000 kr. sem lagðar voru til hliðar 2021 sem varasjóður til að mæta óvæntum útgjöldum.

## 2. Útgáfumál

Í kjölfar endurskoðunar á fjármálum og verkferlum við útgáfumál var ákveðið að ráðast þyrfti í stefnumótun varðandi framtíð útgáfumála stofnunarinnar. Stofnunin stendur ekki undir útgáfu í þeirri mynd sem áður hefur verið fjárhagslega og enn fremur þarf að tryggja gagnsæi og jafnræði í útgáfumálum. Haldnir voru nokkrir fundir þar sem útgáfumál voru rædd og óskað var eftir tillögum félaga um hvernig best væri að haga slíkum málum í framtíðinni með það fyrir augum að endanlega niðurstaða lægi fyrir í lok árs 2021. Tillögur stjórnar sem byggðu á undanförunum samræðum voru lagðar fyrir félaga til kosningar föstudaginn 21. nóvember 2021. Kosid var um þrjár tillögur:

- 1) stofnunin legði af sjálfstæða útgáfu en veitti þess í stað útgáfustyrki til fastra félaga,
- 2) haldið yrði áfram að gefa út rit undir merkjum stofnunarinnar en ekki á hennar kostnað en veittir yrðu jafnframt útgáfustyrkir til fastra félaga,
- 3) haldið yrði áfram að kosta og gefa út rit félaga undir merkjum stofnunarinnar en þó með þaki.

Tillaga 1 (stofnunin leggur af sjálfstæða útgáfu en veitir þess í stað útgáfustyrki til fastra félaga) var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Samþykkt var að stjórnin myndi útfæra verkferla og viðmið um útgáfustyrki sem yrðu auglýstir 2022 til úthlutunar 2022-2023 og árlega eftir það.

## 3. Ráðstefnur

Samþykkt var á aðalfundi 2021 að koma á fyrirlestraröð BL sem haldin væri yfir skólaárið. Fyrirlestraröðinni er annars vegar ætlað að kynna rannsóknir og skapandi skrif félaga stofnunarinnar sem og vera vettvangur fyrir samvinnu og miðlun rannsókna og lista tengdum rannsókna og fagsviðum stofnunarinnar í formi bæði innlendra og erlendra gesta. Fyrirlestraröðin hófst á hausmisseri 2021 og mun halda áfram á vormisseri 2022. Enn fremur voru haldnar þrjár ráðstefnur eða viðburðir á vegum stofnunarinnar eða í samvinnu hennar við aðrar stofnanir eða deildir. Hér fyrir neðan má finna yfirlit yfir fyrirlestraröðina (síðari helmingur hennar fer fram á vormisseri 2022) og ráðstefnur og viðburði sem stofnunin stóð að á árinu:

*Fyrirlestraröð BL (BókList):*

- Patrick Crowley (University College Cork, Írland), „Anti-colonial Aesthetics, Temporalities, and Algerian Revolutions“, 12. október

- Hallgrímur Helgason rithöfundur og Æsa Bjarnadóttir (Forlagið), Höfundur og ritstjóri ræða *60 kíló af kjaftshöggum*, 26. október
- Harpa Rún Kristjánsdóttir rithöfundur og Páll Valsson (Bjartur), Höfundur og ritstjóri ræða *Kynslóð*, 9. nóvember
- Guðni Elísson (Háskóli Íslands) og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir (Lesstofan), Höfundur og ritstjóri ræða *Ljósagildruna*, 23. nóvember

#### Ráðstefnur:

- Viðburður til heiðurs Óskari Halldórssyni, haldinn í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 27. október
- Málþing til heiðurs Bergljótu Kristjánsdóttur, haldið í samvinnu við Íslensku- og menningardeild, 30. október
- Ráðstefna um Grím Thomsen: Þverfagleg ráðstefna í tilefni þess að liðin eru 125 ár frá láti Gríms Thomsen, haldin 27. nóvember

Allar frekari upplýsingar um viðburði og ráðstefnur er að finna á vefsíðu stofnunarinnar.

### 3. Stuðningur við nemendur

Stofnunin styrkti tvö nemendafélög, Blekfelagið, félag ritlistarnema, og Torfhildi, félag bókmenntafræðinema, um 50.000 kr. hvort til útgáfu ljóðasafns annars vegar og tímarits hins vegar. Ákveðið var að styrkir til nemendafélaga yrðu auglýst á vefsíðu stofnunarinnar til að tryggja jafnræði og verða styrkir til nemendafélaga því auglýstir frá og með 2022.

### 4. Vefsíða BL

Lagst var í endurskoðun og hönnun nýrrar vefsíðu fyrir stofnunina sem var opnuð í lok árs (<https://boklist.hi.is/is>). Markmiðið er að vefsíðan sé virkari en áður hafi verið og að þar sé meðal annars að finna yfirlit yfir bækur félaga sem komið hafa út á árinu sem og fréttayfirlit yfir viðburði á vegum stofnunarinnar og annað sem tengist starfsemi hennar og félaga.

Fyrir hönd stjórnar BL

Sif Ríkharðsdóttir (formaður)

6. apríl 2022